



Stefna Matvælasjóðs

Hlutverk Matvælasjóðs, sem stofnaður var með lögum nr. 31, 30. apríl 2020, er að styrkja þróun og nýsköpun við framleiðslu og vinnslu matvæla úr landbúnaðar- og sjávarafurðum.

Áhersla er á nýsköpun, sjálfbærni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni íslenskrar matvælaframleiðslu um land allt. Horft er til að stuðningur við matvælaframleiðslu verði sem næst uppruna hennar.

Sjóðurinn fylgir eftir heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Í þessum tilgangi styrkir sjóðurinn verkefni og rannsóknir einstaklinga og lögaðila.

Við ákvörðun um styrkhæfi umsókna skal fagráð leggja mat á meðal annars gæði verkefnis- eða rannsóknaráætlunar, þ.m.t. markmið og skipulag verkefnis, hagnýtingargildi og mikilvægi þess og getu umsækjenda til að leysa verkefnið.